

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/198**

2022/EES/72/41

frá 13. febrúar 2020

um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 251/2014 að því er varðar að koma á fót skrá yfir landfræðilegar merkingar sem njóta verndar í geiranum fyrir kryddblandaðar vínafurðir og innfærslu landfræðilegra sérmerkinga, sem fyrir eru, í þessa skrá (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 251/2014 frá 26. febrúar 2014 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 ⁽¹⁾, einkum 21. gr. og 1. og 3. mgr. 26. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 ⁽²⁾ er sett fram skrá yfir landfræðilegar sérmerkingar á kryddblandaðum vínafurðum sem njóta verndar samkvæmt þeirri reglugerð. Reglugerð (ESB) nr. 251/2014 felldi úr gildi og kom í stað reglugerðar (EBE) nr. 1601/91. Í III. kafla reglugerðar (ESB) nr. 251/2014 er mælt fyrir um reglur um vernd landfræðilegra merkinga í geira kryddblandaðra vínafurða. Með þeim kafla er framkvæmdastjórninni einnig veitt vald m.a. til að samþykkja framkvæmdargerðir til að koma á fót og viðhalda rafrænni skrá yfir landfræðilegar merkingar fyrir kryddblandaðar vínafurðir, sem njóta verndar samkvæmt þeirri reglugerð, og skal hún vera aðgengileg almenningsi. Vista ætti skrána á vefsetri á vegum framkvæmdastjórnarinnar.
- 2) Samkvæmt 1. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 251/2014 njóta fyrirliggjandi landfræðilegar sérmerkingar fyrir kryddblandaðar vínafurðir, sem eru skráðar í II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1601/91 eða eru lagðar fyrir aðildarríki og samþykktar af því aðildarríki fyrir 27. mars 2014, sjálfkrafa verndar sem landfræðilegar merkingar samkvæmt þeirri reglugerð. Hins vegar ætti að fjarlægja úr skránni fyrirliggjandi landfræðilegar sérmerkingar, hafi hlutaðeigandi aðildarríki ekki sent framkvæmdastjórninni tækniskjalið og landsbundna ákvörðunina um samþykki þeirra fyrir 28. mars 2017 í samræmi við 3. mgr. 26. gr. þeirrar reglugerðar.
- 3) Framkvæmdastjórninni bárust fyrir 28. mars 2017 tækniskjalið og landsbundna ákvörðunin um samþykki fyrir fyrirliggjandi landfræðilegu sérmerkingunum fyrir kryddblandaðu vínafurðirnar „Nürnberger Glühwein“ (17. mars 2017), „Samoborski bermet“ (23. mars 2017), „Thüringer Glühwein“ (17. mars 2017) og „Vermut di Torino“ eða „Vermouth di Torino“ (24. mars 2017), sem eru skráðar í II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1601/91.
- 4) Spánn samþykkti landfræðilegu sérmerkinguna „Vino Naranja del Condado de Huelva“ 6. júlí 2011. Framkvæmdastjórninni bárust tækniskjalið og landsbundna ákvörðunin um samþykki 14. mars 2017.
- 5) Framkvæmdastjórnin mat fyrirliggjandi landfræðilegu sérmerkingarnar „Nürnberger Glühwein“, „Samoborski bermet“, „Thüringer Glühwein“, „Vermut di Torino“ eða „Vermouth di Torino“ og „Vino Naranja del Condado de Huelva“ og komst að þeirri niðurstöðu að þær uppfylli skilgreininguna á landfræðilegri merkingu sem kveðið er á um í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 251/2014.
- 6) Því ætti að skrá fyrirliggjandi landfræðilegu sérmerkingarnar „Nürnberger Glühwein“, „Samoborski bermet“, „Thüringer Glühwein“, „Vermut di Torino“ eða „Vermouth di Torino“ og „Vino Naranja del Condado de Huelva“ í skrána sem landfræðilegar merkingar fyrir kryddblandaðar vínafurðir sem njóta verndar samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 251/2014.
- 7) Framkvæmdastjórn hefur ekki fengið í hendur tækniskjalið og landsbundna ákvörðunina um samþykki fyrir fyrirliggjandi landfræðilegu sérmerkingunni „Vermouth de Chambéry“. Þess vegna missti fyrirliggjandi landfræðilega sérmerkingin „Vermouth de Chambéry“ vernd sína frá og með 29. mars 2017. Þar eð ekki er enn búið að koma skránni á fót ætti framkvæmdastjórnin ekki að skrá heitið „Vermouth de Chambéry“ í skrána.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 42, 14.2.2020, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 241/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 84, 20.3.2014, bls. 14.

(2) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 frá 10. júní 1991 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á kryddvínnum, drykkjum blönduðum með kryddvínnum og hanastélum blönduðum með kryddvínnum (Stjttíð. EB L 149, 14.6.1991, bls. 1).

- 8) Fyrir skýrleika sakir og í kjölfar beiðni frá umsækjendunum ætti að skrá heiti fyrirbyggjandi ítölsku landfræðilegu sérmerkingarinnar, sem er gefin upp í II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1601/91, sem annað hvort „*Vermouth di Torino*“ eða „*Vermut di Torino*“, allt eftir tungumálaútgáfum reglugerðarinnar, í skrána sem „*Vermut di Torino*“/„*Vermouth di Torino*“.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skrá

1. Rafrænu skránni yfir landfræðilegar merkingar fyrir kryddblandaðar vínafurðir (hér eftir nefnd „skráin“), sem um getur í 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 251/2014, er hér með komið á fót með stafrænu kerfi sem framkvæmdastjórnin skal gera aðgengilegt fyrir almenning.
2. Í skránni skal telja upp heiti (eitt eða fleiri) þeirra kryddblönduðu vínafurða sem njóta verndar sem landfræðilegar merkingar samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 251/2014.

2. gr.

Fyrirliggjandi landfræðilegar sérmerkingar

Eftirfarandi fyrirbyggjandi landfræðilegar sérmerkingar eru taldar upp í skránni sem landfræðilegar merkingar sem njóta verndar í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 251/2014:

- a) „Nürnberger Glühwein“,
- b) „Samoborski bermet“,
- c) „Thüringer Glühwein“,
- d) „Vermut di Torino“/„Vermouth di Torino“,
- e) „Vino Naranja del Condado de Huelva“.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.